

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna.

Frá 1. minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar (HHG).

1. Á eftir 1. másl. 2. mgr. 2. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Framfærslukostnaður skal aldrei vera lægri en sem nemur dæmigerðu neysluviðmiði samkvæmt útreikningum félagsmálaráðuneytis um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi.
2. Við 10. gr.
 - a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: sjö.
 - b. Í stað orðanna „3.–6. tölul.“ í 3. mgr. komi: 1.–6. tölul.
3. 3. mgr. 12. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóra er skylt að láta Menntasjóðnum eða innheimtuaðila námslána í té upplýsingar um tekjur lánþega og maka eða foreldra lánþega þegar við á.
4. Við 14. gr.
 - a. Í stað hlutfallstölunnar „30%“ í 2. mgr. komi: 40%.
 - b. Í stað orðsins „Eitt“ í 1. og 2. tölul. 3. mgr. komi: Tvö.
 - c. Í stað orðanna „Sex mánuðir“ í 3. tölul. 3. mgr. komi: Eitt ár.
 - d. Í stað orðsins „Tvö“ í 4. tölul. 3. mgr. komi: Þrjú.
5. Í stað orðanna „Lánþegi sem þiggur námslán“ í 1. mgr. 15. gr. komi: Lánþegi sem á rétt á námsláni.
6. Við 3. mgr. 16. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Menntasjóður skal veita við-eigandi fræðslu um kosti og galla verðtryggðra og óverðtryggðra lána.
7. 26. gr. falli brott.